

Vettlingar með vöfluprjónskanti

Stærðir: 2 (4) 6 ára

EFNI

Létt-Lopi – 50 g dokkur

A 9432 fjólublár 1 (1) 1

B 0051 hvítur 2 (2) 2

Sokkaprjónar nr 3 ¼ og 4

HÆGRI VETTLINGUR

Fitjið laust upp 32 (32) 34 lykkjur með lit A á prjóna nr 4.

Prj **vöfluprjón** fram og til baka þannig:

1. *umf:* *Prj 1 L sl, sláið bandinu upp á prjóninn og takið næstu L óprj eins og prj eigi hana brugðna*. Endurtakið frá * - * þar til 2 L eru eftir og prj þær sl.

2. *umf:* Prj 1 L sl *2 L sl og færið uppslegna bandið frá fyrri umferð yfir á hægri prjóninn (ekki prjóna það)*. Endurtakið frá * - * þar til 1 L er eftir og prj hana sl.

3. *umf:* Prj 1 L sl *prj 1 L sl með uppslegna bandinu, sláið upp á prjóninn og takið næstu L óprj eins og prj eigi hana brugðna*. Endurtakið frá * - * þar til 1 L er eftir og prj hana sl.

4. *umf:* Prj *2 L sl og færið uppslegna bandið frá fyrri umferð yfir á hægri prjóninn (ekki prjóna það)*. Endurtakið frá * - * þar til 2 L eru eftir og prjónið þær sl.

5. *umf:* Prj 1 L sl sláið bandinu upp á prjóninn og takið næstu L óprj eins og prj eigi hana brugðna * prj 1 L sl með uppslegna bandinu, sláið upp á prjóninn og takið næstu L óprj eins og prj eigi hana brugðna*. Endurtakið frá * - * þar til 2 L eru eftir og prj þær sl (fyrri L með uppslegnu bandi).

Endurtakið umf. 2 til 5.

(Fyrir þá sem þekkja klukkuprjón þá er munstrið frá röngu eins og klukkuprjón en frá réttu er alltaf prjónað slétt og uppslegna bandið flutt yfir óprjónað á hægri prjón.)

Prjónið 4 umf með lit A og skiptið síðan yfir í lit B og prjónið 16 umf til viðbótar.

Skiptið nú yfir á prjóna nr 3 ½ og tengið saman í hring. Takið úr með jöfnu millibili í fyrstu umf. 10 (8) 6 L => 22 (24) 28 L, prj 4 umf stroff *1 L sl, 1 L br*.

Skiptið yfir á prjóna nr. 4. Deilið lykkjum jafnt á fjóra prjóna. Prj áfram 7 (9) 11 umf sl. *Staðsetjið þumal* í næstu umf þannig: Prj 1 L, prj næstu 4 (4) 4 L á mislitt band, setjið þær aftur yfir á vinstri prjón og prj aftur með aðallit. Prj út umf. Prj áfram 13 (15) 17 umf sl.

Úrtaka: Takið úr í 2. hverri umf tvisvar sinnum þannig:

1. og 3. *prjónn:* 1 L óprj, prj 1 L sl og steypið yfir, prj þar til 2 L eru eftir á prjón.

2. og 4. *prjónn:* Prj 2 L sl saman. Takið úr í hverri umf þar til 4 L eru eftir. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar.

Þumall: Takið aukabandið úr og takið upp 9 (10) 11 L (bætið við lykkjum í vikin við jaðar og í lófa), prj 8 (10) 12 umf sl.

Úrtaka: *Prj 1 L sl, prj 2 L sl saman* endurtakið frá * til * þar til 4 L eru eftir, slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar.

VINSTRI VETTLINGUR

Prj eins og hægri vettling nema nú er þumallinn prj vinstra megin þannig: Prj þar til 5 (5) 5 L eru eftir á 2. prjóni, prj þá næstu 4 (4) 4 lykkjur á aukaband.

FRÁGANGUR

Saumið saman klukkuprjónið frá réttunni, gangið vel frá endum. Skolið úr vettlingunum og leggið til þerris.

Uppskrift byggð á hönnun Rebekku og Baldrúnar.

